

Skógarvörðurinn á Suðurlandi

Ársskýrsla

1989



Skarfaneskofi 1988, endurbygging.

Arsskýrsla D81 1989.

1. Veðurfar ársins

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Veturinn óvenju illviðrasamur og snjópungur eftir áramót, eftir óvenju blítt og hlítt haust, þegar varla sást snjókorn né að frostdagur kæmi. Mikið veður og vont af norðaustri gerði á jóladag 1988 og voru menn að sjá skaðana eftir það þegar fór að vora. Mikið af trjám skemmd (mekaniskir skaðar) af skrasnjó á svæðum í Gnúpverjahreppi, sérstaklega á ungum trjám.

Samkvæmt upplýsingum frá veðurathugunarstöðinni á Hæli í Gnúpverjahreppi gerði afar vont veður á jóladag 1988 með 12 vindstigum af au-n-au og 12 gráðu frost. Auð jörð. Skóf þá mosa og mold af jörðu. Snjó gerði síðan næsta dag.

1. feb 89, sama stöð: s-v saltveður, 9 vindstig, 4 gráðu frost.

2. feb 89 8 vindstig. 5 feb. 9 vindstig, 6 feb n-v 9 vindstig.

9 - 10 feb n-v 10 vindstig.

Samkv. upplýsingum frá Ingu Olafsdóttur, sem er með trjárækt í landi Eystra Geldingaholts í Gnúp. þá stórsá á flestum trjátegundum áveðurs og margt drapst ofan í rót. Það sem stóð sig best var brúnn alaskaviðir og Reyniviður. Ösp og barrtré og einnig lerki stórskemmt. Birki stórskemmt. Skarasnjófok er orsök.

Suðvestan veður gerði nokkur á útmánuðum og báru þau með sér salt inn yfir landið. Sá þá allmikið á barrtrjm. á þeim hlutum þeirra sem upp úr snjó stóðu.

Vorið svipað og vant er, en jörð kom klakalaus undan snjó, sem er sjaldgæft á suðurlandi. Maí og júní í rakara lagi miðað við venju. Sumarið allgott en ekki hýtt og vöxtur trjáa eftir því: heldur undir meðallagi.

Haustið fram að jólum blítt, frostlitið, auð jörð.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1 Laufgun og lauffall.

		laufgun	lauffall
Selfoss	Bæjarst. birki	8/6	
Haukad	-	16/6	
-	Lerki Hakaskoja	10/6	
-	Lerki Arkangelsk	10/6	
-	Síttagreni	20 - 27/6	spr. brum.

Um lauffall hefur skógarvörður skráð í dagbók sína 29. sept: Lauf á ösp fokið. Gulnun og lauffall virðist ráðast frekar af daglengd frekar en frostum. Hingað til hefur aðeins komið frost eina nótt. Birki og reyniviður halda laufi sínu ennþá. Það er ekki mjög gult

ennþá. Græni blærinn meira áberandi en sá guli. Þetta á við Selfoss. Kjarrbirki í Grímsnesi orðið gult yfir að líta.

Þetta sjónmat á laufalli er bévað rugl og legg ég til að því verði hætt.

2.2. Vöxtur

Vöxtur undir meðallagi á flestum tegundum. Ösp missti í mörgum tilfellum ársvöxtinn frá 1988 í kal, og gerði ekki meira en að bæta það upp 89.

2.3 Fræfall

Lítill sem engin fræmyndun á Suðurlandi. Engu safnað.

2.4. Skaðar.

2.4.1. Mekaniskir skaðar og kal.

Jóladagsveðrið 1988 skemmdi talsvert við áfok af skarasnjó t.d. í Gnúpverjahreppi, skóf börk af trjám og drap í sumum tilfellum lítill tré.

Ovenjumikið um skemmdir í lerki. Douglasátan. Víða um Suðuri.

Mikið kvartað um toppkal á ösp víða. Hálendisbrúnin virðist þó hafa sloppið að mestu.

Mikill roði í barri á Stafafuru og Sitkagreni um neðanverða Arnessýslu. Orsakir: suðvestan saltveður á útmánuðum.

2.4.2. Skordýrasaskaðar ekki merkjanlegir. Ekki hefur borið á sitkalús í Arnessýslu.

3. Starfsfólk

Alls komust 27 manns á launaskrá hjá D81 á árinu 1989.

Nöfn starfsmanna:		alls unnið mán:
Böðvar Guðmundsson	Selfossi	12.00 mán.
Björgvin Eggertsson	Garðabæ	11.53
Gunnar Erlingsson	Selfossi	9,74
Vigfús Garðarsson	Skeiðum	3,78
Bergur Björnsson	Gnúpv.hr.	5,80
Sigvaldi Asgeirsson	Biskupstungum	(5)
Örnólfur Þorvarðarson	Reykjavík	1,38
Magnea Bjarnadóttir	Selfossi	2,14

Garðar Þorvarðarson	Reykjavík	0,68
Hjalti Björnsson	Gnúp.	1,18
Jóhann Ófeigsson	Reykjavík	0,21
Jóhann Arnason	Selfossi	2,59
Ingibjörg Jónsdóttir	Grímsnesi	1,73
Arni Eiríksson	Eyrarbakka	0,46
Bryndis Böðvarsdóttir	Grímsnes	0,54
Benedikt Blöndal	Hallormstað	1,99
Olafur Helgason	Selfossi	0,66
Móeiður Helgadóttir	Selfossi	0,23
Agústa Þórisdóttir	Bisk.	0,14
Guðbjörg Gunnarsdóttir	Selfossi	2,07
Greipur Sigurðsson	Bisk.	1,07
Kristjana Hallgrímsdóttir	Selfossi	2,84
Hreinn Oskarsson	Selfossi	2,38
Vignir Stefánsson	Selfossi	0,18
Þórey Jónasdóttir	Bisk.	0,09
Kristján Guðnason	Kópavogi	1,85
Daníel Halldórsson	Hrunamannahr.	1,71

 alls 69,94 mán.

Tveir menn unnu allt árið hjá D81, Böðvar og Björgvín. Vigfús Garðarsson þúsundþjalasmiður og bílstjóri lét af störfum um miðjan maí. Gunnar Erligsson byrjaði um miðjan febrúar vann við viðhald véla og áhalda ásamt Vigfúsi. Gunnar tók svo við akstri vörubílsins.

Flestir urður starfsmenn í Maí 10, júní 16, júlí 12, ágúst 11. 4.ágúst var flestum lausráðnum starfsmönnum sagt upp störfum í sparnaðarskyni. Flesta var hægt að senda í vinnu hjá Skógræktarfélagi Arnesinga, svo að vond áhrif þessarar uppsagna urðu minni en leit út fyrir í upphafi.

A suðurlandi voru alls unnir ..70.... mánuðir. Kaupgreiðslur urðu alls kr.6.748.596.... -
 Þetta eru öll launagjöld á Suðurlandi 1989, Mosfell innifalið.

Laun Deildar 81 1989 voru alls: 5.278.768
 Laun Mosfells 1989 voru alls: 1.469.828

6.748.596

4. Girðingar

4.1. Viðhald.

Girðingar komu ótrúlega vel undan snjópungum vetri og viðhald því ekki stóru meira en í venjulegu ári. Reyndar hvarf 200 metra kafli í Þjórsárdalsgirðingunni í vatnavöxtum og var það endurnýjað með rafgirðingarhút sem knúinn var með rafgeymi. Viðhald á öðrum girðingum eins og venjulega. Viðhald á Þórsmerkurgirðingu var ekkert, og virtist ekki meira fé þar en

venjulega. Þetta á að vera síðasta árið sem fé er rekið á afrétti kringum Þórsmerkursvæðið og því ætti ekki að þurfa að sinna girðingum þarna meira. En hitt er ljóst að rífa þarf upp girðingar í Þórsmörk á næstu árum. E.t.v. mætti nota sjálfboðaliða við það verk, t.d. ferðafélögin sem þarna starfa.

5. Skógarhögg.

5.1. Jólatré:

Högg hófst 25. okt. með höggi á Fjallapín í Þjórsárdal. Rauðgrenin urðu ca. 1000. Tók þetta um það bil viku. Flokkurinn var síðan fluttur yfir í Haukadál. Þar var höggvin öll Stafafura og 1200 Rauðgreni. Dagsferð var síðan farin á Laugarvatn og höggvin þar um 100 Rauðgreni úr reitnum ofan tjaldmiðstöðvar. Höggi lauk 1. des. og voru menn um það bil viku ennþá að flytja tré á markað og í snyrtingu á höggnum trjám. Við höggið unnu 3 - 4 menn alian tímann. Byrjað var að flytja tré á markað 24. nóv og því lokið 8. des. Veðurfar var mjög hagstætt meðan á höggi stóð, snjólaust og þiða og datt því enginn dagur úr vegna veður

Sala jólatrjáa skiptist þannig eftir stærð og tegundum:

stærðir:	Greni:	Fura:	Þinur:	Blágr.	alls
0.70 - 1.00	273	156	2	1	430
1.00 - 1.25	519	254	3	2	769
1.25 - 1.50	635	376	3		1014
1.50 - 1.75	451	298	5		754
1.75 - 2.00	225	142	3		370
2.00 - 2.50	115	49	2		166
2.50 - 3.00	32				32
3.00 - 4.00	11				11
4.00 - 5.00	11				11
5.00 - 6.00	3				3
6.00 - 7.00	2				2
7.00 - 8.00	1				1
alls:	2270	1275	15	3	3563

Samanburður við töflu frá 1988 er ekki mögulegur þar sem þar er getið um höggvin tré en ekki seld tré.

Nokkur auglýsingastarfsemi fór fram í byrjun desember til að styðja við rauðgrenið og það auglýst í sjónvarpi og blöðum að það héldi barri ef soðið væri. Þetta hafði greinileg áhrif á sölu rauðgrenis til aukningar. Aukning á rauðgrenisölu til

Landgræðslusjóðs varð 125 tré og 150 trjáa aukning til versl. G.A Böövarsson á Selfossi. Rauðgrenið hefur því fengið nokkra uppreiðsn æru, því allmennt heyrir maður vel af barrheldni þess látið. Blágreni er aftur á móti gallagripur í stofu, því það virðist af fréttum að dæma að blóm ýmiskonar þoli illa samvistir við það og detti niður steindauð fljótlega eftir að Blágreninu hefur verið stillt upp í stofunni.

5.3. Grisjun

5.3.1. Haukadalur: Sagaðar rásir í birkikjarr ca. 1 ha efst við skrinugil nærri "stóra skurði".

5.3.2. Goðaland Þórsmörk. Tveir menn fóru og söguðu dautt birki í Básum á Goðalandi. Gífurleg snjóþyngsli voru þar síðastliðinn vetur og brotnaði talsvert af birki, og það reyndar víðar en í Básum. Sömu sögu er að segja um alla Mörkina, en vonlaust að ætla sér að hreinsa hana alla. Skógurinn liður af grísjunarleysi og er víða þéttur og mjór.

5.3.3. Hnausplöntur: Sami háttur var hafður á sölu hnausplantna og undanfarin ár. Fólk fékk að stinga upp merktar plöntur í skógi og sparaði sér talsverða peninga á því.

Seldar hnausplöntur 1989 m. söluskatti:
 - - - - - án söluskatts:

samtals: _____

6. Landvinnsla /Jarðvinnsla

6.1. Þurrlendisjarðvinnsla

Talsvert var unnið með TTS herfinu og Deutch dráttarvélinni við jarðvinnslu. Dráttarvélina er nú komin með tvöfalda hjólbarða að aftan og á nú langtum auðveldara með að athafnasig á misjöfnu landi.

Haukadalur : Tungufljótsbakkar og Skæklar heimavið	29 ha.
Mosfell :	
Galtalækur Bisk. fyrir Húsasmiðjuna	22 ha.
Drumboddstaðir: fyrir BIKO	13 ha.
Snæfoksstaðir: Skf.Arn. Tjarnarhólsgirðing	8 ha.

samtals: _____ 72 ha.

6.2. Votlendisjarðvinnsla

6.2.1. Haukadalur

Grafnir voru 450 lengdarmetrar af skurðum. Alls 5.429 m³. Þar af voru 3.600 m³ upphreinsun. Rest viðbót og það sem ekki tókst að grafa haustið áður (1988), sökum myrkurs og bleytu. Reynt var eftir bestu getu að þurka smástykkinn við veginn upp að Svartagili, svo og við brautina nýju sem kölluð hefur verið

Laugárvegur.

Við fengum einnig jarðýtu með lokræsaplóg til að taka ræsi hér og þar. Alls plægt 25.400 m á kr 2,14 pr m. Alls kr. 54.356.

Astæðan fyrir þessu að nota lokræsaplóg í stað skoska plógsins okkar er sú að við vildum freista þess að ræsa land án þess að rista það svo mjög í sundur eins og skoski plógurinn gerir. Þetta tókst sumstaðar, en annarsstaðar átti lokræsaplógurinn í hinum mestu vandræðum vegna lélegrar rótar og bleytu. Víða í Haukadál hagar svo til eftir áratuga friðun fyrir beit að mosa og hrísteppi er ákaflega þykkt, allt upp í 15 - 20 cm, og vildi þetta þvælast í fyrirskurðarhnif plógsins, og safnast fyrir framan hann þar til að svo mikið hafði safnast vélin dróg ekki lengur plóginn og byrjaði að spóla og rótaði rötinni undan sér og var þar með bjargarlaus. Þetta mætti sjálfsagt laga með fyrirskurðarhjóli. -- Nú á eftir að koma í ljós hversu vel þessi lokræsi þurka.

6.2.2. Mosfell

Lokræsaplógurinn kom einnig í Mosfell og plægði þar 30.370 metra. Kostnaður kr 64.992. Plægð var mýrin vestan, norðan og austan "Einhúa". Gekk það ágætlega og engin vandamál komu upp þar, enda hefur mýrin verið beitt fram undir þetta og mosi og hris ekki mikið í sverðinum.

7. Gróðursetning

7.1. Þjórsárdalur:

R 22558	Lindifura	Iberad	3/3	T	200
---------	-----------	--------	-----	---	-----

ALLS. 200

Plantað var ösp úr Alaskaferð 1985 við Ofeigshöfðalág, R2303. Plönturnar voru aldar upp í beði í Kyrrþey, og var stungið vorið 1986, og því 3 ára við gróðursetningu. Plantað 7/6. Kvæmi og fjöldi: Karí A563 4, A418 6, A422 5, A386 3, A412 super 4, A12 6, A15 1, A111 Unalakleet 3, Böðvína 1, P+S Selfossi 11, og þar að auki Lerki Rovaniemi sem færðar voru til, en höfðu staðið í þessum reit frá 1981, en týnt mjög tölunni, enda afar lélegar og mjóar við gróðursetningu.

7.2. Haukadalur

R 6290	Sitkagreni	Kenai	1/0 fp67 M	10.395
	Blágreni	George Creek	M	1.000
	Stafafura	Taraldsöy	1/0 fp60 M	49.253
	Sitkagreni	Taraldsöy	1/0 fp60 M	6.050

66.968

Ekkí hafa verið skráð reitanúmer hér því kortaleysi háir okkur mjög í Haukadál og því heiti svæðanna talin upp hér á eftir í von um að færa megi plöntutölur inn á kort síðar.

Reitur 6010 1.ha. Milli Brénnigils og Beinár. Fura.
 Reitur 6015 16 ha. Kotholt. Kókskógur. Sitka og Stafafura.
 Reitur 6290 ca 1 ha. Austan Skrinugils. Snyrtidómureitur. Blágr.1000.
 Reitur 6920 7 ha. Milli Hríslækjar og Almenningsár. Kókskógur.
 Reitur 7015 2 ha. Bryggjuheiði ofan girðingar, sunnan Bryggjulækjar. Stafaf. og Sitkagr.
 Reitur 7016 0,8 ha. Barð ofan við Bryggjulæk. Óvíst hvort þar var plantað.
 Reitur 7017. 1,5 ha. Hrísamelur. Sunnan Hrísa að áður nefndu barði, Fura.
 Reitur 7018 4,5 ha Hrísar. Fura.

8. Hirðing plantna.

8.1. Þjórsárdalur

8.1.1. Frásögun: Sagað var frá í eftirtöldum reitum:

2070 Leíti	2,0 ha
2223 Hallshöfði	1,4 -
2223B -	0,5 -
2223C -	0,5 -
2229 Kornásgil	0,3 -
2230 Hallshöfði	0,5 -
2231 Kornásgil	0,4 -
2232 -	0,5 -
2919 Lambahöfði	2,0 -

alls 8,1 ha.

8.1.2. Grisjun Þjórsárdalur

Farið var í gegnum Móureit. sem er Rauðgrenireitur f. jólatré og hann grisjaður og snyrtur: 2,0 ha.

8.1.3. Aburðargjöf Þjórsárdalur

Mjög lítið var borið á í Þjórsárdal að magni til, eða um 500 kg. Reitirnir eru aftur á móti allmargir, enda verið að bera á mjög ungar gróðursetningar.

R.nr.	Tegundir	Aldur frá pl.	Staður	Aburður.
1948	Rgr/Blágr.	3 ár	Miðtorfa	G 9
1950	Rgr/Stf	3 -	Seltorfa	-
2055	Rgr/Blágr	3 -	-	-
2065	Sitkabast	2 -	Leyti	-

2070	Blágreni (tilr)	9	-	-	-
2124	Sitkabast	2	-	Hvammsárd.	-
2126	Lerki	2	-	Perla	-
2127	-	2	-	-	-
2154	Lerki/Bast	2	-	Leitistagl	-
2258	Stf.	16	-	Seljatunga	-
2268	-	1	-	-	-
2269	-	1	-	-	-
2273	Lerki	1	-	-	-
	(tvær raðir skammt innan við með í s-v horni reitsins)				
2919	Stf.	7	-	Lambahöfði	-
2931	Lerki/Stf	5	-	-	-

Ekki var haldið utanum það hversu mikill áburður fór í hvern reit heldur miðað við það að hver planta fengi ca.1 gramm pr. lengdarm.

8.2. Haukadalur

8.2.1. Frásögun

Sagað var frá reitum: j 1086,1087,1090,2081,og hluti af 6o5o.

8.2.2. Grisjun.

Sagaðar voru rásir í birkikjarr á ca 1 ha. austan við Skrinugil, R 6290.

8.2.3. Aburðargjöf

Handdreift var á reiti nr. 2122-2126. Alls eru þessir reitir um 9 ha., en aðeins horið á ræmur sem urðu útundan við flugdreifingu 1987 og 1988. Alls handdreift um 1,5 tonn.

Flugdreifing var 1989 á reiti nr. 1061,1071,1072,1073,1074,1081,1082, alls um 2,5 tonn.

8.2.4. Úðun og illgresiseyðing.

Úðað var úr 16 dælum á reiti 2110-2120. Samtals á 4 ha. Ekki tókst að ljúka við neðsta hlutann af 2118.

9. Byggingar

9.1. Þjórsardalshús: Settur upp vaskur í annað wc herbergið, gengið frá gólflistum og fleyra smálegt.

9.2. Mosfellshús: Byggt var við Mosfellshúsið til austurs og fengið þar með góð forstofa fataherbergi, geymsla og eitt svefnherbergi. Breytt var innvortis í "Hreðarkoti". Eitt svefnherbergi lagt af og stofan stækkuð sem því nam. Litill hitakútur var settur upp til bráðabyrgða.

Eftir á að ganga frá sturtu og hitavatnskút ásamt rotþró.

10. Vélar og verkfæri

10.1. X 8044 Benz vörubifeið.

Í janúar var bifreiðin tekin til klössunar og hús hennar slípað upp og sprautað, því að ryð hafði byrjað að koma fram, því greinilegt er að bíllinn hafði verið sölusprautaður í Þýskalandi skömmu áður en við keyptum hann. Innra byrði stýrishúss var ryðvarið, en alltaf er hætt á að ekki náist að komast fyrir ryð sem byrjað er að myndast. Kostnaður af þessu varð töluverður og aðallega í sambandi við vinnu.

10.2. Mishubisi sendibíll X 6476.

Í upphafi árs hafði bílnum verið ekið ca 90.000 km, og fyrirsjáanlegar nokkrar viðgerðir á honum. Lakk var orðið lélegt, en látið duga að mála afturhlera. Blöndungur löngu orðinn lélegur og slitinn. Um mitt sumar skéði það að vél ofhitnaði sökum vatns-skorts og við það bilaði heddþakking. Um hana var skipt en fljótlega sótti í sama farið og því líklegt að hedd sé sprungið. Ekkert var gert í málinu á árinu, en bíllinn keyrður svona. í þeirri von að nýr bíll fáist fljótlega. Bílnum var ekið 16.000 km á árinu.

10.3. Toyota Landcruiser M 2897

Bíllinn var í notkun fram eftir sumri en bilaði oft og var varla forsvaranlegt að hafa hann í notkun, bremsur ávallt lélegar og virtist afar erfitt að koma þeim í viðunandi horf. Bílnum var því lagt í september og númerum skilað inn. Alls ekið 4.000 km á árinu.

10.4. Hino X 8317.

Bíllinn í góðu lagi og bilaði ekkert. Þó er fyrirsjáanlegt að gera verður við og styrkja þall nokkuð. Jarðytan að verða búin að brjóta þallinn niður á kafla.

10.5. Dráttarvélar

Dráttarvélarnar 3 gengu áfallalítið. Sett var tvöföldun á afturhjól á Deutch svo að herfun með TTS herfinu gengur nú langtum betur en áður.

10.6. Jarðýta.

Fjármagn fékkst til klössunar á jarðýtunni og var það verk unnið

í jan. og febrúar. Benedikt Blöndal og Vigfús Garðarsson unnu það verk að mestu. Jarðýtan var notuð nokkuð í Haukadál við að jafna út skurðruðninga sem undirstöður undir brautir. Ekkert var plægt á Suðurlandi. Í Þjórsárdal var vélin notuð til að ýta upp grús úr Hvammsá sem notuð var til vegagerðar í Ásólfstaðafjalli. Einnig var rutt upp vegi að ruslahaugum á Vikrunum í Þjórsárdal. A Laugarvatni var ruddur vegur í skógarhlíðinni fyrir ofan staðinn í samvinnu við Íþróttamiðstöð Íslands. Þennan veg er fyrirhugað að nota sem skokk og skíðabraut jafnframt því að Skógræktin geti notað veginn við vinnu í skóginum.

11. Nýtjaskógar á hújörðum. Héraðsskógar í Arnessýslu

Sjá skýrslu Aætlunardeildar.

12. Ymislegt.

12.1. Ferðalög og fundahöld.

Skógarvörður kom í flest skóglendi í umdæminu á árinu til umsjónar og eftirlits. Varðandi þau má segja að mest liggi á að taka ákvörðun um aðgerðir í Þórsmörk. Þar er gamli skógurinn í Húsadal og í Stórenda orðinn feyskinn og fellur nú talsvert. Horfur eru á að beit sauðfjár hverfi nú alveg af þessu svæði vegna aðgerða Landgræðslunnar við brottvikningu sauðfjár á aðliggjandi afréttum. Það eru því nú komnar aðstæður til gróðursetningar í Þórsmörk, og því ástæða til að spurja sjálfan sig hvort ekki sé skynsamlegt að gróðursetja birki undir gömlu eikurnar í Húsadal og Stórenda. Auðvita birki af Þórsmarkurstofni. Gamlar girðingar þarf að taka upp og mætti hugsa sér að til þess yrðu fengnir sjálfboðaliðar frá ferðafélögunum sem sjá um Þórsmörk. Uppgræðslu örfoka svæða þyrfti að huga að í samvinnu við Landgræðsluna, með flugdreifingu á grasfræi og áburði og jafnvel lúpínu, þótt þá pilöntu megi varla nefna í sama orði og Þórsmörk vegna kolbrjálads náttúruverndarfólks.

Vann talsvert að leigusamningum vegna sumarbústaðalóða í Þjórsárdal sem sumir hverjir breittust á þann veg að um makaskipti á landi verður um að ræða við Sigurð Pál Ásólfsson.

Sat aðalfund Skógræktarfélagss Íslands á Ísafirði.

Sat alla stjórnarfundir Skógræktarfélagss Arnesinga og aðalfund þess félags.

12.2. Ferðafólk.

Straumur ferðafólks með líku sniði og undanfarin ár. Mikil ásókn í að koma hjólhýsum að í Þjórsárdal, en þar er allt orðið fullt. Mikil aukning er þó af ferðafólki í Skarfaness eftir að línuvegur undir Búrfelisslinu 1 var lagaður 1988. Engin aðstaða er þar látin

í té af okkur.

12.3. Gestir skógræktarinnar

Litið var um gesti þetta árið, en þó fengum við einn góðan: Jan Erik Lundmark prófessor frá Svíþjóð. Mátti margt af honum læra, enda maðurinn með opinn huga. Sigvaldi Ásgseirsson var fylgdarmaður hans um tíma. Þá fengum við heimsón af hópi snyrtikvenna frá ýmsum þjóðum til gróðursetningar í Haukadal. Gróðursettu þar 1000 Blágreini. Von er á þeim aftur næsta sumar. Þá komu Rotary konur úr Reykjavík undir fararstjórn Ingu Olafsdóttur. Þetta er gamall siður þeirra að planta í skóglendi Skógræktar Ríkisins eina dagstund á hverju ári, og lengi vel var Hákon Bjarnason með þeim sem fararstjóri.